



Áfram batamerki á vinnumarkaði

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands er áætlað að um 216.900 manns hafi verið á vinnumarkaði í júní 2021, sem jafngildir 82,3% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 206.700 starfandi og um 10.200 atvinnulausir og í atvinnuleit, eða um 4,7% af vinnuaflinu.

Starfandi fólki fjölgaði um 3.500 milli ára og hefur starfandi fólk aldrei verið fleira í einum mánuði í vinnumarkaðsrannsókninni. Atvinnulausum fjölgaði um 1.100 frá júní í fyrra, en atvinnuleysi hefur engu að síður minnkað mikið síðustu mánuði. Hlutfall starfandi var 78,4% í júní og hækkaði um 0,6 prósentustig frá júní 2020.

Atvinnuþátttaka á uppleið

Í fyrra fór atvinnuþátttaka lægst niður í 73,4% í apríl og hafði ekki verið lægri áður í sögu vinnumarkaðskönnunarinnar. Atvinnuþátttaka hefur farið stöðugt vaxandi á þessu ári og var 82,3 % nú í júní sem er einu prósentustigi meira en í júní í fyrra.


Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal var atvinnuþátttaka mest um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í 82%. Samsvarandi tala nú er 77,9% og hefur atvinnuþátttaka einnig aukist nokkuð síðustu mánuði á þann mælikvarða.

Mismunandi mælingar á atvinnuleysi

Atvinnuleysi, samkvæmt mælingum Hagstofunnar, var 4,7% í júní sem er 0,4 prósentustigum hærra en á sama tíma í fyrra. Almenn atvinnuleysi skráð hjá Vinnumálastofnun var hins vegar 7,4% í júní og hafði minnkað um 0,1 prósentustig milli ára.


Samkvæmt könnun Hagstofunnar höfðu alls um 21.600 einstaklingar þörf fyrir atvinnu í júní 2021. Sá fjöldi jafngildir 9,8% af vinnuafli og mögulegu vinnuafli. Af þessum hópi voru 48% atvinnulausir og 14% tilbúnir að vinna en ekki að leita að vinnu. 8% voru í vinnuleit en ekki tilbúnir að vinna og 31% voru starfandi en samtímis vinnulitlir og vildu vinna meira. Þessi tala Hagstofunnar, um 9,8% þörf fyrir atvinnu, er töluvert hærri en mæling

Fjöldi starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Vinnumálastofnunar á heildaratvinnuleysi í júní, sem var 7,4%. Samkvæmt þröngri skilgreiningu Hagstofunnar á atvinnuleysi var það hins vegar talið vera 4,7% í júní.

Vinnuafslnotkun eykst eftir samdrátt í langan tíma

Starfandi fólki á 2. ársfjórðungi fjölgaði um 3,9% miðað við sama tíma í fyrra. Vinnutími styttist um 1,2% á sama tíma þannig að heildarvinnustundum fjölgaði um 2,7% milli ára. Þetta er fyrsti ársfjórðungurinn síðustu 2 ár sem við sjáum fjölgun heildarvinnustunda, en þeim var tekið að fækka nokkru áður en faraldurinn brast á.


Mikil áhrif á vinnumarkaðinn

Nú er liðið um eitt og hálf ár frá því að faraldurinn fór að hafa áhrif á vinnumarkaðinn hér á landi, en reyndar var farið að slakna á honum nokkuð fyrr. Áhrif faraldursins komu sérstaklega fram í atvinnuleysi, sem náði nýjum, áður óséðum hæðum. Segja má að atvinnuleysið hafi verið meginásýnd þessarar kreppu. Aðrar stærðir, eins og fjöldi og hlutfall starfandi, atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun, færðust einnig í neikvæða átt á þessum tíma.

Tölur síðustu mánaða benda til þess að botninum sé þegar náð, að bjartara sé framundan og að vinnumarkaðurinn sé farinn að styrkjast aftur. Mælingar Vinnumálastofnunar á skráðu atvinnuleysi hafa farið hratt niður á við. Þjóðin er nú næstum fullbólusett. Einnig hafa aðgerðir stjórnvalda til að fjölga störfum, m.a. með ráðningarstyrkjum, skipt miklu máli. Þá sýna niðurstöður Hagstofunnar nú að atvinnuþátttaka og vinnuafslnotkun séu á réttri leið.


Bjartsýni jókst mikið í atvinnulífinu fyrr í sumar, t.d. sást að vísitala efnahagslífsins, sem endurspeglar mun á fjölda stjórnenda sem meta aðstæður góðar og slæmar, tók stórt stökk upp í júní. Óvissan í kringum faraldurinn er enn mikil, en staða bólusetninga er góð og fer sífellt batnandi. Það eru því ákveðnar líkur á því að einhvers konar jafnvægi sé að nást og að vinnumarkaðurinn geti haldið uppgangi sínum áfram.

Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta




Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinnuleysi - 12 mánaða hlaupandi meðaltal



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnumálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinna og vinnutími, ársfjórðungar



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.